

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Watanabe styrktarsjóð við Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Watanabe styrktarsjóðurinn við Háskóla Íslands. Markmið hans er að veita alþjóðlega styrki til nemenda- og kennaraskipta, en stofnandi Watanabe styrktarsjóðsins er hr. Toshizo „Tom“ Watanabe, almannatrygginganúmer 016-48-0359.

Hr. Watanabe er fyrrum skiptinemi í hinu virta og kunna nemendaskiptakerfi Wien International Scholarship Program (Alþjóðlega nemendaskiptakerfi Wien) við Brandeis háskólann í Massachusetts, Bandaríkjunum, þar sem hann hlaut B.S. gráðu sína í stjórnmálafræði árið 1973. Hann tók síðan MBA gráðu sína við Pepperdine háskólann í Kaliforníu, Bandaríkjunum, árið 1992 og varð síðan stjórnarformaður, forstjóri og einkaeigandi Nikken, velliðunarvörufyrtækis sem náð hefur góðum árangri og er með höfuðstöðvar í Bandaríkjunum. Hr. Watanabe vill tjá þakklæti sitt fyrir dýrmæta menntun með því að veita erlendum stúdentum svipað tækifæri með það að markmiði að auka velvild milli Japans og Íslands.

Sjóðurinn er í umsjá og vörlu Styrktarsjóða Háskóla Íslands, Sæmundargötu 2. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

#### 2. gr.

Tilgangur Watanabe styrktarsjóðsins er að veita styrki til skiptináms í Japan og á Íslandi, bæði nemendum í grunnnámi og framhaldsnámi, auk þess að stuðla að kennaraskiptum.

Styrkir sjóðsins geta náð til upphalds, ferða milli landanna og skólagjalda.

#### 3. gr.

Stofnframlag sjóðsins er sem hér segir:

Framlag Watanabe US\$ 3.000.000 (kr. 278.040.000 m.v. gengi US\$ 92,68 þann 16. september 2008).

Stofnframlag sjóðsins, verðbætt, er óskerðanlegt.

Tekjur sjóðsins eru eftirfarandi:

Vextir og arður af eignum sjóðsins/vaxtatekjur af stofnfé.

Fé, gjafir og annað verðmæti sem sjóðnum kann að áskotnast eða safnast í nafni sjóðsins.

Styrktarsjóðir Háskóla Íslands annast ávöxtun sjóðsins og skal hún vera sem hagkvæmust á hverjum tíma og taka mið af fjárfestingarstefnu Styrktarsjóða Háskóla Íslands.

Heimilt er að úthluta styrkjum sem nema allt að þemur fjórðu af ávöxtun hvers reiknings-tímabils, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Fjórðungur ávöxtunarinnar leggst við verðbætt stofnframlag og verður hluti af óskerðanlegu stofnfé. Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Fyrsta reikningstímabil er frá staðfestingu skipulagsskrár til ársloka það ár. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðanda Styrktarsjóða Háskóla Íslands og þeir birtir með sama hætti og aðrir reikningar í vörlu Styrktarsjóða Háskóla Íslands.

#### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn og er skipunartími stjórnar þrjú ár. Rektor Háskóla Íslands skipar formann sjóðsins. Hr. Toshizo „Tom“ Watanabe, eða fulltrúi afkomenda hans, og hr. Geir H. Haarde, eða fulltrúi afkomenda hans, skipa einn stjórnarmann hvor.

Hlutverk stjórnar er að setja úthlutunarreglur og nánari starfsreglur um úthlutanir, svo sem einstakar styrkfjárhæðir, umsóknarfresti og ferli umsókna, innan ákvæða skipulagsskrár. Stjórnin hefur umsjón með styrkveitingum og gerir tillögur til rektors um úthlutanir styrkja. Sjóðstjórn heldur formlega fundargerðabók um starf sitt og skal afritum fundargerða skilað til Styrktarsjóða Háskóla Íslands.

## 5. gr.

Fyrsta úthlutun fer fram hið minnsta einu reikningsári eftir stofnun, enda liggi fyrir endurskoðuð reikningsskil og upplýsingar um laust fé til úthlutunar styrkja. Að jafnaði tilkynnir rektor Háskóla Íslands styrki við hátíðlega athöfn. Stjórn getur ákveðið í ljósi ávöxtunar eða annarra aðstæðna að safna saman leyfilegri úthlutun milli reikningsára, og úthluta í einu lagi lausum hlut samkvæmt reikningsskilum.

Úthluta skal úr sjóðnum árlega eða sjaldnar eftir því sem sjóðstjórn finnst tilefni til, en ekki má úthluta meira en  $\frac{3}{4}$  af raunávöxtun sjóðsins skv. endurskoðuðum ársreikningi hans. Styrkþegar skulu skila skýrslu til stjórnar um framkvæmd og niðurstöður rannsókna. Slík skil eru forsenda frekari styrkveitinga.

## 6. gr.

Ekki er hægt að leggja sjóðinn niður eða gera breytingar á hlutverki hans og tilgangi, af öðrum ástæðum en kveðið er á um í lögum og ekki án þess að sjóðstjórn og rektor Háskóla Íslands séu einhuga um þá ákvörðun.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu fjármunir hans renna til málefna tengdra tilgangi sjóðsins.

## 7. gr.

Leitað skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari, sem og breytingum sem síðar kunna að verða.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með af sýslumanninum á Sauðárkróki skv. lögum um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 28. maí 2009,*

**Ríkarður Másson.**

---

*Helgi Már Ólafsson.*

B-deild – Útgáfud.: 16. júní 2009